


DEILISKIPULAG SKIPULAGSREITS FYRIR BREYTINGU

**Deiliskipulag á Klettasvæði.**
**Almennir skipulagsskilmálar.**

1. **Nýtingarhlutfall:** Almennt skal miða við að nýtingarhlutfall á lóðum og / eða farmstöðvum skulu ekki vera hærri en 0.5, nema annað komi fram í sérskilmálum einstakra lóða.

2. **Innra skipulag-** lóða svo og stærðir húsa, athafnasvæði og aðkomur skal unnið í samráði við Reykjavíkurhöfn og skal skipulag lagt inn til samþykktar hjá Hafnarstjóra og Borgarskipulagi áður en lóðarhafi sækir um byggingarleyfi.

3. **Bílastæði:** Gerð er krafa um bílastæði á lóð miðað við skipulags og byggingarlög ásamt bílastæðisreglum Reykjavíkurborgar 2 og 3 gr. frá 15 jan 1987. Sé um frávik að ræða er vísað í 3 grein reglna Reykjavíkurborgar og grein 3.1.4 í skipulagsreglugerð, nr. 400/1998.
Viðmiðun á hafnarsvæðum Reykjavíkurhafnar verði 1 bílastæði fyrir 35 $m^2$ í skrifstofuhúsnæði og 1 bílastæði fyrir 100 $m^2$ í vörugeymslum, og annað atvinnuhúsnæði 1 bílastæði fyrir 50 $m^2$.
Á skipulagsuppdrætti er sýnd möguleg staðsetning bílastæða.

4. **Girðingar**: Gert er ráð fyrir að lóðarhafi geti girt af lóð sína. Slíkar girðingar eru háðar samþykki byggingaryfirvalda. Ennfremur skal lóðarhafi leita samþykkis Reykjavíkurhafnar á girðingunni og hafa samráð við nágranna. Girðingar skulu vera opnar og að hámarki 2.5 m á hæð.

5. **Frágangur lóða-** skal vera í samræmi við skipulagsuppdrætti og úthlutunarskilmála. Lóðarhafar skulu hafa samráð um frágang á lóðarmörkum.

6. **Mæliblöð og hæðarblöð.** Mæliblöð sýna nákvæma stærð lóðar svo og hnit og mál ytri marka hennar. Þá sýna mæliblöð byggingarreit og kvaðir ef einhverjar eru. Hæðarblöð sýna götu og gangstéttarhæðir við lóðamörk, landhæðir og kóta aðalgólfa, frárennslislagna og fl.

**Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lóðunum nr. 5, 6 og nr 9 við Klettagarða.**

**Lóðin Klettagarðar nr.5**
Stærð samkvæmt mæliblaði 2.895 fm. Leigð lóð til nýtingar 2.536 fm.
Hússtærð á lóðinni er 386.5 fm. Nýtingarhlutfall 0.15
Lóðin er stækkuð um 245 fm. Um það bil 134 fm eru teknir af lóðinni nr. 9 og 101 fm tekin af götu.
Lóðin verður eftir stækkun ca. 3.130 fm. Lóð til nýtingar ca. 2.771 fm.
Hússtærð eftir breytingu 837.7 fm. Nýtingarhlutfall 0.27

**Lóðin Klettagarðar nr. 6 og 8-10**
Gerð er sameiginleg innkeyrsla frá Klettagörðum fyrir lóðirnar 6 og 8-10. Á lóðinni nr. 6 er settur inn byggingarreitur við lóðamörk meðfram Klettagörðum fyrir olíudælu og skyggni yfir hana

**Lóðin Klettagarðar nr. 9**
Stærð samkvæmt mæliblaði 14.480 fm. Leigð lóð til nýtingar er 13.229 fm.
Lóðin verður eftir breytingu ca. 14.345 fm. Til leigu ca. 13.095 fm.

**Sérskilmálar fyrir lóðina nr. 5 við Klettagarða.**

Lóðarstærð er ca. 3.130 fm. Til nýtingar ca. 2.771 fm.
Nýtingarhlutfall 0.30
Hámarkskóti aðalgólfs: k 4.10 Mesta mænishæð: k 12.00

**Almennir skipulagsskilmálar fyrir deiliskipulag á Klettasvæði breytast ekki.**
**Settir eru sérskilmálar fyrir lóðina nr. 5**




MÓTTEKIÐ
26 APR. 2000
BORGARSKIPULAG REYKJAVÍKUR

**Samþykktir hafnarstjórnar á skipulagi á Klettasvæði.**

**11 febrúar 1998.** Lögð fram og kynnt tillaga að skipulagi á Klettasvæði dags. 10.02.1998 ásamt greinargerð.

**12 maí 1999.** Lögð fram skipulagstillaga af Klettasvæði dags. 11.05.1999.

**12 janúar 2000.** Lögð fram tillaga að breytingu skipulagi á Klettasvæði

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 25 gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997, var:

Samþykkt í skipulags og umferðanefnd Reykjavíkur

Þann 1. ágúst 2000

______________________

Samþykkt í borgarráði

þann 9. maí 2000

[signature]

Deiliskipulag þetta var auglýsti í B- deild Stjórnartíðindum

Þann ____________ 2000

______________________




# REYKJAVÍKURHÖFN
# KLETTASVÆÐI
## DEILISKIPULAG – SKIPULAGSBREYTING Á LÓÐUM nr. 5, 6, 8–10 og 9 VIÐ KLETTAGARÐA

DEILISKIPULAG UNNIÐ Á TEIKNINGAGRUNNI FRÁ HNIT hf DAGSETT Í APRÍL 1996

SKÝRINGAR:

| | |
|---|---|
| (hatched box) | NÚVERANDI BYGGINGAR |
| — · — · — | MÖRK SKIPULAGSREITS |
| **— · — · —** | BREYTING Á DEILISKIPULAGI SEM SAMÞYKKT VAR 26.10.1999 |
| - - - - - - | BYGGINGARREITUR |

ARKITEKTAR GUNNAR OG REYNIR S.F.
LAUGAVEGI 32b 101 REYKJAVÍK
SÍMI: 551 1300 FAX: 552 4911
GUNNAR FRIÐBJÖRNSSON ARKITEKT FAI
REYNIR ADAMSSON ARKITEKT FAI

| | | |
|---|---|---|
| TEIKNING NR. | 111–038 | |
| TEIKN: GF | DAGS: 25.02.00 / 26.04.00 | MKV: 1:2000 |